
Tillögur starfshóps um framtíðarskipan kennaramenntunar

Efnisyfirlit

YFIRLIT YFIR TILLÖGUR STARFSHÓPS	2
INNGANGUR	3
FJÖLDI KENNARA	5
KENNARAMENNTUN Á ÍSLANDI	6
KENNSLURÉTTINDI	6
KENNARAMENNTUNARSTOFNANIR	7
ÞRÓUN KENNARAMENNTUNAR	8
KENNARAMENNTUN HJÁ NÁGRANNAÞJÓÐUM	13
ÁHERSLUR.....	13
NORÐURLÖND	14
KENNSLURÁÐ	16
STAÐLAR OG VIÐMIÐ	18
SAMANTEKT OG TILLÖGUR STARFSHÓPS	21
LOKAORD	25
SKRÁ YFIR FYLGISKJÖL	26
HEIMILDASKRÁ	27

Inngangur

Þann 2. mars 2005 skipaði menntamálaráðherra starfshóp sem falið var að endurmeta skipulag kennaramenntunar og setja fram tillögur um framtíðarskipan menntunar leikskólakennara, grunnskólakennara og framhaldsskólakennara. Hópnum var jafnframt falið að kanna sýn hagsmunaaðila á gæðamál og kröfur til námsins. Í hópnum sátu:

- Sigurjón Mýrdal menntamálaráðuneyti, formaður
- Kristrún Lind Birgisdóttir menntamálaráðuneyti
- Ólafur Proppé, Kennaraháskóla Íslands
- Elna Katrín Jónsdóttir, Kennarasambandi Íslands
- Hafdís Ingvarsdóttir, Háskóla Íslands
- Ársæll Guðmundsson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Hópnum var ætlað að ljúka störfum 15. september 2005 en af ýmsum ástæðum voru niðurstöður hópsins ekki tilbúnar fyrr en 2. mars 2006. Starfshópurinn hittist 15 sinnum, alltaf í menntamálaráðuneytinu.

Fulltrúar Kennaraháskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Háskóla Íslands kynntu starfshópnum námsskipan og kröfur til kennaramenntunar. Einnig kynntu þeir hugmyndir um nýskipan kennaranáms sem nú er unnið að innan stofnananna. Jafnframt skoðaði starfshópurinn nýskipan kennaranáms í Listaháskóla Íslands og Háskólanum í Reykjavík. Starfshópurinn hafði samráð við nefnd um endurskoðun laga um lögverndun á starfsheitum og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjórnenda, og átti starfshópurinn fund með nefndinni.

Starf hópsins byggist að miklu leyti á skýrslum um kennaramenntun og málefni kennara sem finna má í heimildaskrá og í fylgiskjali. Þar er m.a. að finna mikið tölfræðiefni sem ekki þótti ástæða til að endurtaka í skýrslunni. Starfshópurinn kynnti sér skipan kennaramenntunar í nágrannalöndum austan hafs og vestan og hugmyndir um nýskipan og þróun starfsmenntunar. Sérstaklega var litið til þeirrar þróunar sem nú á sér stað á vettvangi Evrópusambandsins. Einnig var hugað að gæðakerfum í menntamálum, stöðlum og viðmiðum og tilraunum með dreifða stjórnun kennaramenntunar. Starfshópurinn kynnti sér gögn um sk. kennsluráð (Teaching Councils) í Skotlandi (Initial Teachers Education, 2000) og á Írlandi (Irish National Teachers' Organization, 2001).

Listaháskóli Íslands

Listaháskóli Íslands hefur nýlega hafið kennaranám í samstarfi við Kennaraháskóla Íslands. Kennaranámið er fræðinám til undirbúnings almennum fræðslustörfum og fyrir kennslu í listum í grunn- og framhaldsskólum samkvæmt námskrá. Nemendur í kennaranámi þurfa að hafa lokið háskólaprófi eða sambærilegu námi í myndlist, hönnun, leiklist eða tónlist.

Námið er 30 eininga nám. Nemendur geta valið hvort þeir vilja ljúka náminu á einu ári (30 einingar) eða tveimur (2x15 einingar) og taka þá 15 einingar á hvoru ári. Kennsla er staðbundin en þó hafa einstaka námskeið verið skipulögð í fjarkennslu (Listaháskóli Íslands, 2006).

Háskólinn í Reykjavík

Kennslufræði- og lýðheilsudeild tók til starfa við Háskólann í Reykjavík haustið 2005. Við nýstofnaða deild er boðið upp á ferns konar námsmöguleika, þ.e. meistaranám í stærðfræði og kennslufræðum (M.Ed.), meistaranám í lýðheilsufræðum (MPH) og meistaranám fyrir verðandi kennara í lýðheilsufræði (M.Ed.). Einnig er boðið upp á grunnnám í íþróttufræði (B.Ed.) fyrir verðandi íþróttakennara (Háskólinn í Reykjavík, 2006).

fjárveitingum til húsnæðismála. Kennaramenntunarstofnanir þurfa ekki frekar en aðrar háskólastofnanir að uppfylla sérstök skilyrði til þess að útskrifa menntaða kennara önnur en þau sem koma fram í lögum um háskóla og einstaka háskóla.

Á undanförunum árum hafa einstakir háskólar unnið að gæðamálum og þróað gæðakerfi um starfsemi sína. Vinnuhópur um gæðamál í skólastarfi skilaði í ágúst 2005 tillögum til menntamálaráðherra um gæðamál í skólakerfinu, m.a. um gæðastefnu í háskólum. Lög um háskóla eru nú til endurskoðunar.

- e. Að boðnar verði **fjölbreytilegar námsleiðir til kennsluréttinda** og í auknum mæli horft fram hjá skilum milli skólastiga við veitingu kennsluréttinda.
- f. Að sérstaklega verði hugað að starfsþjálfun kennaraefna eftir kennaranám, sk. **kandídatsári**, áður en menn öðlast formleg kennsluréttindi (hugsanlega eftir sérstakt kennarapróf).
- g. Að skilgreind verði **viðmið um inntak og starfshætti** við menntun allra kennara og skólastjórnenda. Stuðlað verði að fjölbreytni og sveigjanleika í kennaramenntun. Því leggur starfshópurinn til að viðfangsefni kennaramenntunar verði skýrð. Í þessu samhengi leggur starfshópurinn til að komið verði á samræmdu **kerfi gæðastjórnunar** með stöðlum og skilgreindum viðmiðum, til að tryggja menntunarstig kennarastéttarinnar. Með því verði stuðlað að faglegu samræmi milli kennaramenntunarstofnana innanlands og staða íslenskrar kennaramenntunar verði einnig styrkt í alþjóðlegu samhengi.
- h. Að stofnað verði og lögfest sérstakt **kennsluráð (Teaching Council)** sem verði samstarfsvettvangur stjórnvalda, rekstraraðila, fagfélaga, háskóla og notenda kennaramenntunar. Kennsluráðið hafi með höndum stjórnun og stefnumótun um öll helstu mál er snúa að grunn-, framhalds- og endurmenntun kennara, starfsþjálfun kennaraefna og kennsluréttindum (leyfisbréfum). Kennsluráðið hafi einnig úrskurðarvald um starfshæfi bæði við upphaf starfs og eftir atvikum þar eftir, annist uppsetningu og viðhald skrár yfir alla starfandi kennara og skólastjórnendur (með upplýsingum um menntun, starfsreynslu o.s.frv.), gæðamál og fleira. Við lögfestingu og stofnun ráðsins verði lög um kennsluráð á Írlandi höfð til hliðsjónar.
- i. Að tryggð verði stöðug **símenntun** og sköpuð margþætt tækifæri til **framhaldsmenntunar** kennara, skólastjórnenda, námsráðgjafa og annars starfsfólks skólakerfisins. Skilgreina þarf tengsl grunnmenntunar og viðbótarmenntunar kennara og í því sambandi æskilegt reynslutímabil nýrra kennara, stuðning við kennara og mismunandi ráðningarform.

Lokaorð

Eins og nefnt er í inngangi byggjast tillögur hópsins að miklu leyti á skýrslum um kennaramenntun og málefni kennara sem finna má í heimildaskrá og í fylgiskjöllum. Þar er að finna mikið af upplýsingum, m.a. tölfræði sem ekki er endurtekin í þessari skýrslu.

Lögð er áhersla á að tillögur starfshópsins komist í framkvæmd sem allra fyrst. Ljóst er að nokkurn tíma mun taka að breyta lögum og fullmóta hugmyndir og lög um kennsluráð sem síðan þurfa svigrúm til að móta viðmið um starfshæfi og kennaramenntun. Mikilvægt er að tillögum starfshópsins um fyrirmyndir, þ.e. Purdue-staðlarnir og írski kennsluráðið, verði fylgt fast eftir enda telur nefndin tillögurnar vel ígrundaðar.

Í **fylgiskjali 1** hafa meginatriði í Purdue-stöðlunum verið þýdd yfir á íslensku. Einnig má sjá í **fylgiskjali 2** lauslega þýðingu á lögum um írski kennsluráðið sem hægt er að byggja á við áframhaldandi vinnu við stofnun íslensks kennsluráðs. **Fylgiskjal 3** er skrá um nýleg rit sem gefin hafa verið út um kennaramenntun og starfshópurinn telur að gagnlegt sé að skoða við áframhaldandi vinnu.

Það er von starfshópsins að tillögurnar nýtist vel við mótun kennaramenntunar á Íslandi til framtíðar.

Skrá yfir fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 – *Purdue University Teacher Education Conceptual Framework Synopsis*. Lausleg þýðing.

Fylgiskjal 2 – Irish National Teachers' Organization. *Teaching Council Act*. Lausleg þýðing.

Fylgiskjal 3 – Listi yfir nýleg rit um kennaramenntun hjá nágrannaþjóðum.

Lög um háskóla, nr. 137/1997.

Lýður Björnsson. (1981). *Úr sögu kennaramenntunar á Íslandi*. Reykjavík: Iðunn.

Menntamálaráðuneytið. (2004). *Breytt námsskipan til stúdentsprófs – aukin samfella í námi. Skýrsla starfshóps og verkefnisstjórnar*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Purdue University. (2005). *Purdue University Teacher Education Conceptual Framework Synopsis*. Sótt 23. október af http://www.education.purdue.edu/oppl/-2002/CF_Synopsis.rtf.

Reglugerð um lögverndun á starfsheiti grunnskólakennara, nr. 695/1998.

Ríkisendurskoðun. (2003). *Grunnskólakennarar. Fjöldi og menntun. Stjórnsýsluúttekt*. Reykjavík: Ríkisendurskoðun.

Framhaldsnám. Framhaldsnám er skipulegt á þann hátt að reyndir kennarar, sem búa yfir þeirri hæfni á sviði kennslu sem almennt kennaranám veitir, öðlist dýpri skilning, fái flóknari og víðtækari þjálfun í starfi og afli sér þeirrar þekkingar og færni sem stjórnendur í menntasamfélaginu skulu búa yfir. Að loknu framhaldsnámi útskrifast nemendur sem fullgildir kennslufræðingar sem gegna störfum sem samræmast stöðlum faglegra stofnana eða landsnefndarinnar um staðla um kennaramenntun (*National Board for Professional Teaching Standards*)

- tæknilegum aðferðum
[KÁ4, 5, 6; SP10]
- n.** mótar viðeigandi aðferðir til að
bekkinn út frá ýmiss konar marl
[KÁ3, 4, 5, 6, 7; SP10]
- o.** mótar og túlkar viðeigandi m
með tilliti til mismunandi aðstæ
[KÁ4, 5, 6; SP10; FJ1, 7; SA10]
- p.** notar niðurstöður námsmats
kunnáttu nemenda
[KÁ1, 4, 5, 10; SP10; PN5]
- q.** mótar kennsluhætti sem bygr
skilningi nemenda og stuðla að
hugmyndafræðilegum þroska al
nemenda
[KÁ9; PN1, 7]
- r.** mótar kennsluhætti þar sem
nemendum er ætlað að nýta sér
núttímataækni
[KÁ1,8,10; TÆ4,5]
- s.** ætlast til að núttímataækni sé l
koma námsefni til skila
[KÁ1, 10; SA3; TÆ4,6]
- t.** ætlast til kennslan stuðli að a
þroska nemenda og hvetji þá til
þátttöku í náminu [KÁ1, 10; PN.

Schedule 1 fjallar um aðild að kennsluráðinu og um fundi þess.

Schedule 2 fjallar um framkvæmdastjóra ráðsins (director)

Schedule 3 fjallar um skipun vinnuhóps úr röðum aganefndarmanna fyrir tilhlutan framkvæmdastjóra til þess að rannsaka mál og fella um þau úrskurði skv. 44. gr.

Um 6. og 7. kaflann og reglugerðirnar verður ekki frekar fjallað í þessari samantekt.

Nýleg rit um kennaramenntun

- Barton, Len. (2003). *Inclusive education and teacher education: a basis of hope or a discourse of delusion*. London: Institute of Education, University of London.
- Birkeland, Ásta. (2004). *Veiledning for førskolelærere*. Kristiansand: Høgskoleforlaget.
- Cohen, Louis. (2004). *A guide to teaching practice*. London: RoutledgeFalmer.
- Developing the teacher workforce. (2004). Chicago: NSSE: Distributed by the University of Chicago Press.
- Edwards, Anne. (2002). *Rethinking teacher education: collaborative responses to uncertainty*. London; New York: RoutledgeFalmer.
- E-learning for teachers and trainers: innovative practices, skills and competences*. (2004). Luxembourg: Office for Official Publications of the European Communities.
- European teachers towards the knowledge society*. (2005). Ortona: Menabò.
- Hayes, Denis. (2004). *Foundations of primary teaching*. London: David Fulton.
- International handbook of science education*. (2003). Dordrecht; Boston: Kluwer Academic.
- International handbook of self-study of teaching and teacher education practices*. (2004). Dordrecht; London: Kluwer Academic.
- Key topics in education in Europe. profile, trends and concerns. Report IV: Keeping teaching attractive for the 21st century: general lower secondary education*. (2004). Brussel: EURYDICE.
- Labaree, David F. (2004). *The trouble with ed schools*. New Haven: Yale University Press.
- Major trends and issues in early childhood education: challenges, controversies, and insights*. (2003). New York: Teachers College Press.
- Mapper som pedagogisk redskap: perspektiver og erfaringer*. (2003). Oslo: Abstrakt.
- Nám í nýju samfélagi: erindi á málþingi um framtíðarskipan náms við Kennaraháskóla Íslands 11. og 12. ágúst*. (2005). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Norsk lærerutdanningsdidaktikk i endring: læring, undervisning og danning i lys av ny forskning*. (2004). Kristiansand: Høgskoleforlaget.
- Parkay, Forrest W. (2006). *Curriculum and instruction for becoming a teacher*. Boston: Pearson A & B.
- Preparing our teachers: opportunities for better reading instruction*. (2002). Washington, D.C.: J. Henry Press.
- Readings for reflective teaching. (2002). London: Continuum.
- Schoonmaker, Frances. (2002). *"Growing up" teaching: from personal knowledge to professional practice*. New York: Teachers College Press.

Studying teachers in early childhood settings. (2003). [Greenwich, Conn.]: Information Age Publishing Inc.

Teacher education: major themes in education. (2006). London; New York: Routledge.

Utvärdering av den nya lärarutbildningen vid svenska universitet och högskolor. (2005, 3b). Stockholm: Höskoleverket.

What teachers need to know about language. (2002). McHenry, IL: Delta Systems; Washington, DC : Center for Applied Linguistics.